

12. ágú. 2015

Tilv. UST201504-051

Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn
Eyrarvegi 16
680 Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 12. ágúst 2015
~~UST201502-342/E.D.K.~~
08.28.02

Álagning dagsekta og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 5. maí sl., þar sem Umhverfisstofnun áformaði að leggja dagsektir, að upphæð kr. 25.000 á dag, á Ísfélag Vestmannaeyja hf. vegna brennslu úrgangsolíu í starfsstöð rekstraraðila á Þórshöfn. Sjónarmið rekstraraðila bárust í bréfi dags. 5. júní sl., en frestur til skila þeim rann út 20. maí sl. en fulltrúi rekstraraðila óskaði eftir framlengingu og veitti Umhverfisstofnun frest til 6. júní sl.

Í sjónarmiðum rekstraraðila kemur ekki fram að bætt hafi verið úr frávikinum en þar er að finna athugasemdir í 16. töluliðum. Umhverfisstofnun mun hér leitast við að svara helstu athugasemdum sem komu fram í bréfinu, en telur ekki ástæðu til að fresta eða falla frá áformum um álagningu dagsekta.

- Í 4. tl. sjónarmiða rekstraraðila, dags. 5. júní sl. dregur fulltrúi rekstraraðila heimild Umhverfisstofnunar til álagningar dagsekta í efa, en í 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, segir að heilbrigðisnefnd sé heimilt að ákveða aðila dagsektir sem sinni ekki fyrirmælum innan tiltekins frests. Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila á 2. ml. 2. mgr. 28. gr. sömu laga en þar segir að í þeim tilvikum sem Umhverfisstofnun fari með eftirlit fari um valdsvið og þvingunarúrræði stofnunarinnar í samræmi við þann kafla laganna, þ.e. VI. kafla. Þessu hefur áður verið komið á framfæri við rekstraraðila.
- Í 5. tl. sjónarmiðanna er því mótmælt að rekstraraðili hafi ekki sinnt fyrirmælum Umhverfisstofnunar og því haldið fram að úrbótakrafa Umhverfisstofnunar sé óskýr og því erfitt fyrir rekstraraðila að verða við henni. Umhverfisstofnun er ósammála þessu og telur kröfu um úrbætur hafa verið skýrt framsetta í fyrri bréfum málsins, við ákvörðun um áminningu og áformum um dagsektir. Í bréfi stofnunarinnar frá 5. maí sl. segir: „Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting frá rekstraraðila á að brennslu úrgangsolíu hafi verið hætt“. Úrbætur eru fólgnar í því að hætt sé að brenna verksmiðjuolíunni sem stofnunin hefur ákveðið að sé úrgangsolía. Kæra frestar ekki réttaráhrifum áminningar og úrskurðarnefnd hefur sérstaklega úrskurðað um að svo sé ekki, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 4/2015 frá 25. febrúar sl. Rekstraraðila hefur einnig verið leiðbeint um að til að brenna viðkomandi olíu löglega þá þurfi hann að sækja um sambrennsluleyfi til að viðhafa viðeigandi mengunarvarnir, sbr. bréf dags. 28. ágúst og 8. desember 2014.
- Varðandi 7. tl. í sjónarmiðum rekstraraðila, þá hefur Umhverfisstofnun ekki upplýsingar um að verið sé að setja reglugerð um sértæk viðmið vegna lok úrgangsfasa fyrir úrgangsolíu. Hins vegar er í vinnslu reglugerð um endurnýtingu úrgangs og ráðgefandi álit Umhverfisstofnunar á hvort endurnýting tiltekins úrgangs geti talist hættulaus og verði jafnframt til gagns í hagkerfinu. Sú vinna hefur ekki bein áhrif á lagagrundvöll og málavexti þessa máls.

- Varðandi 10. t.l., þar sem líkt og í 5. t.l. er haldið fram að úrbótakrafa sé ekki skýr, þá vill Umhverfisstofnun ítreka að úrbætur felast í því að hætta brennslu úrgangsolíu/verksmiðjuolíu. Þá teljast dagsektir ekki vera refsing, heldur eru þær þvingunarúrræði, til að knýja á um rétta framkvæmd og úrbætur.
- Í 14. t.l. sjónarmiðanna er bent á að ákvörðun um beitingu dagsekta sé íþyngjandi og eigi rekstraraðili mikilla hagsmuna að gæta. Rekstraraðili telji því rétt að falla eigi frá eða fresta fyrirhuguðum dagsektum þar til sú reglubreyting sem fulltrúi rekstraraðila telur fyrirhugaða, sbr. 7. t.l. hefur verið gerð, og/eða þar til úrskurðarnefnd hefur kveðið efnislega úr um lagalegan grundvöll ákvörðunar Umhverfisstofnunar um áminningu. Umhverfisstofnun telur ekki grundvöll til að hætta við eða fresta álagningu dagsekta. Umhverfisstofnun hefur á öllum stigum málsins valið vægasta úrræði sitt og beitt því hóflega. Rekstraraðili var áminntur, sbr. bréf dags. 13. janúar 2014 fyrir brennslu úrgangsolíu á starfsstöð sinni á Þórshöfn eftir ítarlega málsmeðferð. Seinni áminningin var vegna samskonar fráviks í starfsemi í Vestmannaeyjum, sbr. bréf dags. 8. desember 2014. Gefnir hafa verið ríflgir úrbótafræstir og andmælaréttir. Ekki er þó stætt á öðru fyrir stofnunina en að halda áfram með málið þar sem rekstraraðili fer ekki að fyrirmælum stofnunarinnar og heldur áfram að brenna úrgangsolíu.


Umhverfisstofnun leggur dagsektir á Ísfélag Vestmannaeyja hf. að upphæð kr. 25.000 á dag vegna brennslu úrgangsolíu í starfsstöð rekstraraðila á Þórshöfn, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Dagsektirnar leggjast á frá og með 17. ágúst 2015 og þar til staðfesting á fullnægjandi úrbótum hefur borist stofnuninni.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna fráviks frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllt


Sigríður Kristjánsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur